

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

### 10. AUKAFUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2024, þriðjudaginn 21. maí kl. 8:30, var haldinn 10. aukafundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

#### Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Aníta Björk Pálínudóttir, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

#### Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 10. aukafund sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps 2022-2026  
*Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.*
2. Oddvita- og varaoddvitakjör, skipan nefndarmanna  
*Kristján Rúnar Kristjánsson er tilnefndur og kjörinn sem oddviti til eins árs í viðbót. Jónas Ólafur Skúlason gefur kost á sér sem varaoddviti áfram og er kjörinn til eins árs í viðbót. Samþykkt samhljóða.*  
*Sveitarstjórn tilnefnir Guðmund Magnús Halldórsson til setu í atvinnu og landbúnaðarnefnd sem aðalmann.*  
*Sveitarstjórn tilnefnir Egil Bjarna Helgason Vikse sem varamann í kjörstjórn Súðavíkurhrepps.*  
*Sveitarstjórn tilnefnir Önnu Lind Ragnarsdóttur sem fulltrúa í sameinaða Almannavarnarnefnd Súðavíkurhrepps, Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar.*
3. Drög að stefnumótun og aðgerðaráætlun svæðisáætlunar um úrgangsmál á Vestfjörðum  
*Drög að stefnumörkun og aðgerðaráætlun kynnt sveitarstjórn sem samþykkir samhljóða þá vinnu sem fram hefur farið.*
4. Malbikunartilboð frá Malbikun Norðurlands sbr. tp. 16.5.2024  
*Sveitarstjórn er sammála um að fara í malbikunarframkvæmdir samkvæmt tilboði frá Malbikun Norðurlands með vísan til minnisblaðs sveitarstjóra.*
5. Sala þjónustubifreiðar Súðavíkurhrepps ofl.  
*Sveitarstjórn ákveður að setja eldri þjónustubifreið Súðavíkurhrepps, MMC L200, á sölu og auglýsa til kaups, en keyptur hefur verið nýr þjónustubíll. Jafnframt er samþykkt að auglýsa kerru í eigu Súðavíkurhrepps þar sem ekki er lengur þörf fyrir hana og selja ef viðunandi verð fæst.*
6. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2023 – fyrri umræða  
*Umræður um ársreikning voru teknar fyrir sem fyrsta mál á dagskrá. Fyrri umræðu ársreiknings Súðavíkurhrepps lokið. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn án athugasemda. Valgeir Scott vék af fundi eftir umræðu um ársreikning kl. 10:55.*


7. Umsagnarmál

*Umsagnarmál og erindi voru kynnt sveitarstjórn án athugasemda eða umsagna.*


---

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:20



Bragi Þór Thoroddsen




Aníta Björk Pálínudóttir



Jónas Ólafur Skúlason

Eiríkur Valgeir Scott



Kristján Rúnar Kristjánsson  
Oddviti Súðavíkurhrepps